



SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

6. tbl. 10. árg. Júní 2004

Tvenn ný samtök stofnuð innan SI:

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtök sprotafyrirtækja

Stefnumótun og stofnun Samtaka sprotafyrirtækja bls. 6

Stofnfundur Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja bls. 8

Meðal efnis:



Ritstjórnargrein

*Samskipti atvinnulífs og
stjórnvalda*

bls. 2



Kolgrafafjörður þveraður

bls. 3



ISS Ísland ehf.

*Ört vaxandi
þjónustufyrirtæki*

bls. 4



Tvenn ný samtök innan SI:

*Samtök íslenskra líftækni-
fyrirtækja og Samtök
sprotafyrirtækja*

bls. 6 - 8



Framtíðarsýn íslensks málmiðnaðar árið 2010

bls. 9



Í hverju er AKKUR hjá SI?

bls. 11



Ítalskt sumarævintýri í bakaríum um land allt

sjá nánar á bls. 8

Samskipti atvinnulífs og stjórnvalda

Sem betur fer er það oftast en ekki svo að Samtök iðnaðarins eiga greiðan aðgang að stjórnvöldum og þingmönnum til að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri. Samtök iðnaðarins eiga t.d. ágætt samstarf við iðnaðarráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir og sveitarfélög um margvísleg mál sem til framfara heyra. Enginn ætlast til að hagsmunasamtök á borð við SI fái öllu ráðið ein en við ætlumst til að á okkur sé hlustað og tillögur okkar skoðaðar í fullri alvöru. Þess vegna er erfitt að sætta sig við það þegar stjórnvöld og þing sýna af sér óþarfa hroka og yfirgang í samskiptum við atvinnulífið. Hér verða rakin fjögur nýleg dæmi af því tagi.

Olúgjaldid

Nýlega voru samþykkt á Alþingi lög um olúgjald, sem samin voru með mikilli leynd í fjármálaráðuneyti. Innan vébanda SI og annarra samtaka atvinnurekenda er fjöldi verktaka, flutningafyrirtækja, þjónustufyrirtækja og framleiðenda sem reka hundruð bifreiða sem þungaskattur og olúgjald taka til. Þeir eru einhuga um að þessi lög, sem rekin voru með hraði í gegnum Alþingi, séu meingölluð. Með þeim er skattheimta af þeim bifreiðum í flestum tilvikum stóraukin og tekið upp tvöfalt skattkerfi á bifreiðar 10 tonn og þyngri. Auk gjalds á ekna kílómetra verður tekið upp gjald á hvern lítra dísilolíu. Í sameiginlegri umsögn flestra stærstu samtaka atvinnurekenda var lagt til að frumvarpinu yrði breytt á þann veg að núverandi þungaskattkerfi verði óbreytt fyrir bifreiðar 10 tonn og þyngri. Þetta er einföld tillaga og auðfrankvæmanleg og truflar á engan hátt þau áform stjórnvalda að gera rekstur smærri díselbifreiða hagkvæmari. Tillagan fékkst ekki einu sinni rædd, hvorki í ráðuneyti né fyrir þingnefnd.

Rekstrarleyfin

Það er vel þekkt að lög nr. 73/2001 um landflutninga og einkar stíf framkvæmd þeirra hefur gert stjórnendum ýmissa ið-

fyrirtækja gramt í geði undanfarin misseri. Tilgangur þess að krefja mjólkurbú og jarðvinnuverktaka um sérstakt starfsleyfi til flutninga þótti frá upphafi óljós með öllu. Undanfarin misseri hafa Samtök iðnaðarins haldið á málum margra aðildarfyrirtækja vegna sekta og ákæra lögreglu. Má segja að þar hafi unnist fullnaðarsigur þegar Skóflan ehf. var sýknuð í Héraðsdómi Vesturlands snemma á þessu ári en þeim dómi áfrýjaði ríkið ekki. Nú er fallinn annar dómur þar sem verktaki í Mosfellsbæ var einnig sýknaður. Þessi deila hefur borist til Ráðgjafarnefndar



um opinberar eftirlitsreglur sem hefur lagt fyrir samgönguráðuneytið að endurskoða löggin um landflutninga og reglugerðir byggðar á þeim. Enn hefur lögnum ekki verið breytt og enn er Vegagerðin að framkvæma þessa undarlegu gjaldtöku af fullri hörku, þvert á niðurstöðu dómstóla.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Eins og flestir muna hafa staðið yfir átök milli eigenda Íslensks markaðar hf. (ÍM) og stjórnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE). Stjórn FLE hefur til þessa ekki tekist að móta stefnu sem samræmist nútíma stjórnunar- og verslunarháttum. Enn verr hefur henni gengið að fóta sig á samkeppnislögum. Samkeppnisyfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að forval á leigutökum í flugstöðinni stæðist ekki samkeppnislög og einnig var gerð krafa um að verslunarrekstur og húsaleigustarfsemi ríkisins í FLE yrðu aðskilin. Eftir að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að löggin um FLE, sem gera ráð fyrir slíkum samrekstri, væru æðri samkeppnislögum, beið stjórn FLE ekki boðanna og sagði upp leigusamningi ÍM í flugstöðinni. Samkeppnisstofnun úrskurðaði þá uppsögn ólögæta og enn var FLE gert að skilja að verslunar- og fasteignarekstur í flugstöðinni. Viðbrögð stjórnar FLE urðu þau að gera tilboð um að kaupa

upp fyrirtækið. Þegar síðast fréttist virtist það verða niðurstaðan. Í stað þess að fara að samkeppnislögum og aðskilja fasteigna- og verslunarreksturinn og einkavæða hvort tveggja er Íslenskur markaður hf. kominn í eigu ríkissjóðs.

Nýsköpunarsjóður

Rétt er að rífa upp að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) varð til í kjölfar samkomulags milli fulltrúa stjórnvalda og samtaka í iðnaði og sjávarútvegi í árslok 1996 um breytingar á fjárfestingarlánasjóðum þessara atvinnugreina. Annars vegar var ákveðið að stofna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) með stofnfé að fjárhæð 6 milljarðar króna og hins vegar NSA með stofnfé að fjárhæð 4 milljarðar króna.

Ríkið fékk í sinn hlut Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem var einkavæddur og seldur með miklum hagnaði sem rann í ríkissjóð. Í lögum um NSA segir að hann sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Þrátt fyrir þetta orðalag um eign ríkisins er ljóst að samkomulag var um að sjóðurinn væri í raun eign atvinnulífsins. Þessi staðreynd endurspeglast í skipan stjórnar sjóðsins en þar er kveðið á um að atvinnulífið fari með meirihluta í stjórn sjóðsins og það felur í sér viðurkenningu stjórnvalda á hlutdeild iðnaðar og sjávarútvegs í uppbyggingu eiginfjárr fjárfestingarlánasjóða iðnaðar- og sjávarútvegs í áratugi fyrir tilurð NSA.

Þær raddir gerast nú æ háværi að rétt sé að gera Nýsköpunarsjóð upptækan og selja hann. Í ríkisstjórn var því hafnað að sjóðurinn fengi heimild til lántöku til að fleyta sér yfir erfiðleikatímabil þar sem mikill skortur er á áhættufjármagni. Þegar iðnaðarnefnd Alþingis fjallaði síðan um málið sá hún ekki einu sinni ástæðu til að ræða málefni sjóðsins við forsvarsmenn í sjávarútvegi og iðnaði. Má minna á að ekki eru liðin nema 7 ár síðan samkomulag varð um að stofna sjóðinn og að rekstur hans yrði samvinnuverkefni stjórnvalda og atvinnulífs.

Sveinn Hannesson

Kolgrafafjörður þveraður

Búkolla á nýju brúnni



Í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi er unnið að stórfelldum vegarbótum um þessar mundir. Þær eru fólgnar í að smíða brú og leggja veg yfir fjörðinn á móts við bæinn Kolgrafir. Verkið er nú langt komið – brúarsmíðinni er lokið og nótt lögð við dag til að ljúka vegaframkvæmdum svo að brúin komist í vegasamband í haust en það er ári fyrir en

upphaflega var gert ráð fyrir. Jarðverkataskafyrirtækið Háfell ehf. sér um vegagerðina en byggingafyrirtækið Eykt ehf. smíðaði brúna. Framkvæmdin kostar alls um 550 milljónir króna.

Leiðin til Grundarfjarðar og Ólafsvíkur styttest reyndar ekki nema um nokkra kílómetra en vegfarendur komast hjá að aka um fjarðarbotninn þar sem oft er illviðrasamt, sannkallað veðravíti, einkum að vetrarlagi. Gamli vegurinn var að sögn illa farinn og hann hefði þurft að byggja upp frá grunni að öðrum kosti. Flutningar á þessari leið hafa verið ótrúlega miklir, ekki síst fiskflutningar, enda segir sagan að hver fisksporður fari tvisvar til þrisvar í bíl eftir að honum hefur verið landað.

Landi náð fyrir hvítasunnu

Byrjað var að leggja veginn að brúnni að vestanverðu, Grundarfjarðarmegin en um miðjan maí var farið að demba fyllingar efni í sjóinn við eystri brúarendann og straumurinn jókst dag frá degi eftir því sem verkinu miðaði áfram og sundið mjókkaði

milli vegar og lands. Síðasta fyllingarfarminum var sturtað í fjörðinn 27. maí þannig að nú hefur landi verið náð og tekið til við að byggja upp veginn. Þarna í Breiðafirði er einna mestur munur flóðs og fjöru á landinu og straumurinn inn og út úr firðinum er því gríðarlega sterkur.

Unnið á vöktum allan sólarhringinn

Að sögn Eids Haraldssonar, framkvæmdastjóra Háfells, hefur allt gengið eftir bókinni. Mikið hagræði hefur verið að því að bæði grjótnáma í Berserkjahrauni og malarnáma eru skammt undan og því hefur ekki þurft að sækja efni um langan veg til vegagerðarinnar. Brúin er 230 metra löng en vegurinn tæplega 10 kílómetrar að lengd. Í hann fóru um 500 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni og 114 þúsund rúmmetrar af stógrýti fara í grjótvörn utan á veginn þar sem hann liggur yfir fjörðinn. Starfsmenn við verkið eru 20 til 30 og er unnið á vöktum allan sólarhringinn. Vélakosturinn er af ýmsu tagi, s.s. jarðýta, grjótmulningsvélar, fjórar gröfur og síðast en ekki síst sex gríðarstórir námubílar, svokallaðar búkollur, sem eru látlaust á ferðinni allan sólarhringinn. Hver þeirra vegur fullhlaðin um 60 tonn. Eður segir að það hafi verið mikið verk að koma vélakostinum á framkvæmdastaðinn. Stærsta grafan hafi t.d. hvorki komist yfir brúna á Laxá á Kjós né um Hvalfjarðargöng svo að gripið hafi verið til þess ráðs að flytja hana yfir Mosfellsheiði og yfir í Kjós.

Þóra Kristín Jónsdóttir

SI
Samtök iðnaðarins

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
6. töl. Júní 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 14.06.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í sílukum tilvikum.



ISS Ísland ehf.

Ört vaxandi alhliða þjónustufyrirtæki

ISS Ísland ehf. er eitt stærsta fyrirtækið á Íslandi á sviði ræstinga og veitir stofnunum og fyrirtækjum um allt land margvíslega þjónustu. Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri ISS, segir að fyrirtækið taki að sér margvísleg stoðverkefni sem ekki tilheyri kjarnastarfsemi viðskiptavinarins þannig að hann geti sinnt henni betur. Starfsemi ISS Ísland er í meginatriðum fjórþætt, almenn og sérhæfð ræsting og þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir, þríf fyrir matvæla- iðnað og ræsting á heilbrigðissviði. Höfuðstöðvar þess eru við Ármúlann í Reykjavík en auk þess rekur ISS sjálfstæða svæðisskrifstofu á Akureyri.



Guðmundur Guðmundsson
framkvæmdastjóri
ISS Ísland ehf.

ISS Ísland ehf. tengist alþjóðlegu fyrirtæki ISS A/S sem hefur höfuðstöðvar í Danmörku en starfsmenn þess eru um 250 þúsund í 38 löndum. Nafnið ISS stendur fyrir „Integrated Service Solutions,“ eða „samhæfðar þjónustulausnir.“ ISS A/S er, að sögn Guðmundar, leiðandi fyrirtæki á sínu markaðssvæði í alhliða fasteignaumsjón.

Alþjóðlegt yfirbragð

Alþjóðafyrirtækið leggur mikla áherslu á þekkingar- og tækniyfirfærslu milli landa og rekur eigin skóla, ISS University. Móðurfyrirtæki ISS Ísland er ISS Food Hygiene sem er orðið þekkt alþjóðlegt vörumerki og veitir þjónustu á öllum sviðum matvæla- iðnaðar. Það hefur ISO 9001 vottað gæðakerfi sem ISS Ísland notar. Að sögn Guðmundar hefur þetta alþjóðlega bakland haft gífurlega mikið að segja fyrir ISS Ísland og hefur á stuttum tíma breytt því úr litlu staðbundnu ræstingarfyrirtæki í alhliða þjónustufyrirtæki með alþjóðlegt yfirbragð.

ISS Ísland var stofnað árið 2000 en á rætur sínar að rekja allt til ársins 1980 þegar Ræstingarmiðstöðin sf. var sett á fót. Hún varð að ræstingardeild Securitas sem ISS Food Hygiene keypti og öll eignatengsl rofin við Securitas. Starfsmenn ISS Ísland eru á sjöunda hundrað, þar af um 120 á Akureyri.

Afar fjölbreytt þjónusta um land allt

Guðmundur segir að fyrirtækið hafi á

stuttum tíma þróast úr hreinræktuðu ræstingarfyrirtæki í að veita marghátaða þjónustu. Hvert svið er þó tiltölulega sjálfstætt en meginverkefnið er dagleg ræsting. Önnur svið eru t.a.m. þríf á matvæla- og heilbrigðissviði, umsjón með kaffi- og matstofum, tjónaþjónusta og ræsting flugvéla. Viðskiptavinir ISS á matvælasviði eru af ýmsu tagi en þeirra á meðal eru mörg helstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins, kjöt- iðnaðarfyrirtæki og brauð- og kökugerðir. Þjónusta ISS Ísland við stofnanir á heilbrigðissviði er mjög umfangsmikil að sögn Guðmundar, einkum við daglega ræstingu, umsjón bítubúra og sóttþreinsun. Meðal viðskiptavina á því sviði eru Landakot, Grensásdeild og fjöldi hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra um land allt. Þá má nefna að ISS sér um að þrifa flugvélar Flugfélags Íslands og flughöfnina á Reykjavíkflugvelli. Hreinsun loftræstikerfa er sjálfstætt svið innan ISS. Þar starfa tveir blikksmiðir og hafa yfir að ráða öflugum tækjum eins þurrblástursvél og sogvél sem er bæði notuð við hreinsun loftræstikerfa og við reykraestingu. Að sögn Guðmundar fer sú þjónusta fyrirtækisins mjög vaxandi.

Ótæmandi sérverkefni

Sérverkefnin eru ekki síður fjölbreytt. Undir þau falla verk eins og háþrýstipvott-

ur, sóttþreinsun, tyggjöhreinsun, umsjón með lóðum, snjómokstur og tölvu- og tækniþríf, iðnaðar- og tækniþríf, sorphirða og reykraesting. Þá má nefna þjónustu, s.s móttöku, húsvörslu og skrifstofuþjónustu. Guðmundur segir að markmiðið sé að viðskiptavinirnir geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni, ISS geti séð um allt annað.

Einkaframkvæmdarverkefni á Akureyri

Um þessar mundir stendur ISS ásamt ÍAV hf. og Landsafli að byggingu Rannsókn- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri sem nú er orðið fohelt. Um er að ræða einkaframkvæmd sem felur í sér fjármögnun, byggingu, viðhald og rekstur í 25 ár. Heildarkostnaðurinn nemur 1,5 milljörðum króna. Húsið er um 5500 fermetrar að stærð, á fjórum og sjö hæðum og verður skilað fullbúna 1. október ef allt gengur eftir. Háskólinn á Akureyri tekur á leigu rúmlega helming húsnæðisins en þar verða einnig fjölmargar aðrar stofnanir. ISS tekur að sér að reka húsið í 25 ár og sinnir m.a. annars ræstingum, viðhaldi, umsjón með lóð, húsvörslu, móttöku, sorphirðu og rekur kaffistofu og fundarherbergi, svo að nokkuð sé nefnt.

Vaxandi samkeppni

Guðmundur gerir ekki lítið úr að samkeppnin sé hörð. „Æ fleiri keppa á sama markaði og samkeppnishæfni keppnauta fer vaxandi. Við höfum lagt áherslu á að stækka markaðinn í stað þess að slást við aðra. Við vinnum að því að fá verk hjá nýjum viðskiptavinum, s.s. á heilbrigðissviði og matvælasviði. Opinberum útboðum fjölgar þar sem verði er þrýst niður og samningstími styttest. Viðbrögð við aukinni samkeppni felast einnig í að halda góðu sambandi við viðskiptavinina og skila góðri vinnu. Við leggjum mikla áherslu á að beita réttum aðferðum og þjálfa fólk og veita því góða aðstöðu til að sinna starfi sínu.“

Hrósið skiptir mestu máli

Guðmundur segir að bjóðist þróuð þjónustulausn séu til jafnaðar 95% líkur á að þjónustan sé í lagi og hægt sé að treysta starfsfólkinu til að gera ávallt sitt besta. Ein besta leiðin til að svo megi verða sé að hrósa fyrir það sem vel er gert, það skiptir mestu máli. „Okkur Íslendingum er ekki

mjög gjarnt að hrósa og kunnum ekki heldur að taka hrósi. Hrós fyrir vel unnið verk er ekki bara jákvætt ferli, það þarf einnig að vera lærdómsferli,“ segir Guðmundur. „Það eykur ánægju starfsmanna og hvetur þá til að gera betur og bætir jafnframt samband viðskiptavinarins og starfsmannsins. Árangurinn er meiri starfsánægja sem leiðir til meiri þekkingar á þörfum viðskiptavinarins og verkið verður betur unnið. Við einfaldlega vinnum í réttari hlutum. Við höfum sannreynt þetta og löguðum að okkar starfsemi með góðum árangri.“

Metnaðarfull stefna

Guðmundur segir stefnu ISS Ísland ehf. að vera leiðandi þjónustufyrirtæki sem skapar viðskiptavinum og starfsmönnum vellíðan. „ISS ætlar að verða eftirsóknarverður samstarfsaðili sem veitir faglegar heildarlausnir með umhverfisvernd að leiðarljósi. Viðskiptavinurinn á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þeim verkþáttum sem við sjáum um. Við stefnum að framförum með því að vinna stöðugt að gæðaubótum. Meðal grunnilda fyrirtækisins eru heiðarleiki, ábyrgð og gæði.“ Guðmundur segir að ávinningurinn af þjónustu ISS sé margvíslegur. Fyrirtækið sjái m.a. um kennslu og þjálfun starfsfólks, leysi sérverkefni, sjái um áhöld og efni, gæðaeftirlit, mæli og skjalfesti árangur og tryggi fagleg vinnubrögð.

Fyrirtæki í fremstu röð

ISS á Íslandi varð í 6. sæti yfir stærri fyrirtæki í könnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur um fyrirtæki ársins 2004 sem VR stendur fyrir árlega meðal starfsfólks í fyrirtækjum. Könnunin gefur meðal annars vísendingar um aðbúnað á vinnustað, traust og trúverðugleika, starfsanda og virðingu fyrir starfsfólki. Tæplega 5000 starfsmenn í 273 fyrirtækjum tóku þátt í könnuninni.

Nánari upplýsingar um starfsemi ISS ehf. er að finna á www.iss.is

Þóra Kristín Jónsdóttir

Litla ljóta galleríið



Frá formlegri opnun Litla ljóta gallerísins fyrir skömmu, Raddbandafélagið skemmti gestum og Sveinbjörn Hjálmarsson heldur á fyrsta málverkinu sem varð kveikjan að galleríinu



Litla ljóta myndagalleríið er til húsa í Umslagi, Lágmúla 5 í Reykjavík. Umslag ehf. var stofnað árið 1989 og er eitt stærsta fyrirtæki hér á landi í prentun, ísetningu og gagnavinnslu. Litla ljóta myndagalleríið er alls ekki eins ljótt og nafnið gefur til kynna.

Í upphafi var Umslag í afskaplega litlu en notalegu húsnæði við Veghúsastíg. „Sumir þrýða vinnustað sinn með fagurlega myndskreyttum dagatölum, oft frá löngu liðnum tíma en við veljum að hafa málverk á veggjunum“ segir Sveinbjörn. Í fyrstu var keypt lítil mynd eftir upprennandi myndlistarmann og skoðanir á feður verksins voru skiptar. Með það í huga var nafnið valið og fleiri myndverk keypt og fjölbreytni gætt í vali. Að lokum var búið að nýta hvert veggpláss á Veghúsastígnum í alltof þröngu húsnæði, innan um prent- og pökkunarvélur. Nú er Umslag til húsa í Lágmúlanum. „Hér höfum við verið frá árinu 1997 og að sjálfsögðu fluttum við Litla ljóta myndagalleríið með okkur. Nú er

það alls ekki svo lítið lengur því það hefur að geyma tæplega hundrað myndir eftir bæði innlenda og erlenda myndlistarmenn.

Fyrir utan verk íslenskra myndlistarmanna eigum við verk eftir austurríska, danska, sænska, japanska, pólska og tékkneska myndlistarmenn. Auða veggplássíð fer ört minnkandi og því auðséð að nafnið er hreinasta öfugmæli. Þótt flest af listaverkunum séu málverk eigum við einnig grafík, ljósmyndir og fáeina skúlptúra. Svo má líka nefna þó nokkra verðlaunagripir sem við höfum hlotið í gegnum tíðina og eru hin ágætustu listaverk. Það er engin spurning að umhverfið skiptir máli og það á ekki síst við á vinnustöðum þar sem við eyðum löngum stundum. Galleríið skapar þægilegt andrúmsloft og fyrirtækjamenningu. En okkur finnst ekki bara gaman að sjá myndlistina, það er líka gaman að sjá framandi viðskiptavini okkar. Um leið og við sendum bestu kveðju mælumst við til þess að fólk komi og skoði Litla ljóta myndagalleríið,“ segir Sveinbjörn.



Stefnumótun sprotafyrirtækja – „Þekkingarlandið Ísland“



Samtök iðnaðarins og hópur sprotafyrirtækja hafa undanfarnar vikur staðið fyrir vinnufundum um stefnumótun og framtíðarsýn í greininni. Unnið var samkvæmt þeim stefnumótunaraðferðum sem Samtökin hafa þró-

að og niðurstöður þeirrar vinnu liggja nú fyrir þar sem meginlínur í sameiginlegri framtíðarsýn, forsendum og áhersluverkefnum greinarinnar hafa verið lagðar.

Helstu vinnufyrirsagnir í framtíðarsýninni, eins og hún liggur fyrir núna, eru eftirfarandi:

Meginmarkmið - Árangur

1. „Þekkingarlandið Ísland“: Fjölbreytt flóra arðvænlegra sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð
2. Arðsöm hátækniyrirtæki byggð á sterkum sprotum og íslensk vörumerki leiðandi á sérsviðum á alþjóðlegum markaði
3. „Sprotafyrirtæki í stafni hagvaxtar“ - skila þjóðfélaginu verulegum ávinningi

Helstu forsendur árangurs eru skilgreindar eftirfarandi:

Forsendur árangurs

1. Samstarf sprotafyrirtækja um sameiginlega hagsmuni
2. Fjárfestar og stuðningsaðilar sprotafyrirtækja uppskera eins og þeir sá
3. Stöðugleiki og hvetjandi starfsskilyrði
4. Þekking, góð stjórnun og öflug markaðssetning
5. Lifandi rannsóknastarf öflugra þekkingarfyrirtækja, rannsóknastofnana og skóla
6. Öflugt alþjóðlegt samstarf, byggt á þekkingu og sérstöðu

Liður í verkefninu var stofnun Samtaka sprotafyrirtækja sem meðal annars hafa það hlutverk að fylgja eftir þeim áhersluverkefnum sem komið hafa fram í fyrrenefndri vinnu.

Alls tóku um 30 fyrirtæki þátt í að móta stefnuna og þau eru góður þverskurður sprotafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum – s.s. upplýsingatækni, líftækni, orkutækni, heilbrigðistækni, véltækni, byggingartækni.

Áhersla var lögð á stuðningsumhverfi, fjármögnun og samstarf sprotafyrirtækja.

Eins og fram kemur í framtíðarsýn og forsendum sprotafyrirtækjanna eru helstu áhersluverkefni þeirra á sviði stuðningsumhverfis, fjármögnunar og samstarfs þeirra um sameiginleg hagsmunamál auk markaðs-, þróunar- og menntamála. Meðal helstu forgangsverkefna, sem fram komu, má telja:

- Stofnun samtaka sprotafyrirtækja - Samstarfsvettvangur sprotafyrirtækja
- Bætt fjármögnunarumhverfi – tryggt fjármagn í nýsköpun
- Virkja lífeyrissjóði til aðkomu að sprotafyrirtækjum
- Efling Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs til aðkomu að sprotafyrirtækjum
- Endurskipulagning opinbers stoðkerfis
- Eitt atvinnuvegaráðuneyti - sameining rannsóknastofnana atvinnuveganna
- Háskólar og rannsóknastofnanir - hlutverk og starfsaðferðir - öflugur Tækniháskóli Íslands og þekkingarþorp
- Skattalegir hvatar til nýsköpunar og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum
- Skilgreining sprotafyrirtækja að lögum
- Skapa skilning á mikilvægi nýsköpunarstarfsemi

Unnið hefur verið að nánari útfærslu á helstu áhersluverkefnum og samstarfi hefur verið komið á milli vinnuhópa sprotafyrirtækja og líftækniyrirtækja um verkefni á sviði fjármögnunar enda um sömu markmið að ræða.

Eftirfylgni verkefnanna verður í höndum nýstofnaðra Samtaka sprotafyrirtækja – SSP í samstarfi við Samtök iðnaðarins.

Davíð Lúðvíksson

Samtök sprotafyrirtækja stofnuð

Samtök srotafyrirtækja - SSP sem starfa muna sem starfsgreinarhópur innan Samtaka iðnaðarins voru stofnuð miðvikudaginn 2. júní í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35. Markmið SSP er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum srotafyrirtækja.

Í starfsreglum hinna nýju samtaka, sem samþykktar voru á stofnfundinum, er miðað við þá skilgreiningu að srotafyrirtæki eru fyrirtæki sem sprottin eru úr rannsókn- eða þróunarverkefni einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutfélög, einkahlutfélög eða samvinnufélög, að þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé a.m.k. 10% af veltu og að fyrirtækin séu ekki skráð í kauphöll.

Samtök srotafyrirtækja eru stofnuð í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunarvinnu sem unnin var á vegum Samtaka iðnaðarins með 30 fyrirtækjum í greininni. Í stefnumótuninni er framtíðarsýn greinarinnar skýrð og þær forsendur greindar sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að gera hana að veruleika.

Þá skilgreindu þátttakendur fjölda aðgerða sem stefnumótunarhópurinn raðaði í forgangsrið með tilliti til áhrifa á framtíðarsýnina og forsendur hennar. Eitt af áhersluverkefnum, sem fram komu í stefnumótuninni, var einmitt stofnun Samtaka srotafyrirtækja.

Verkefni nýkjörinnar

Fyrsta stjórn SSP f.v.:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku ehf. (formaður) Jón Helgi Egilsson, Klaki ehf. frumkvöðlasetri, Egill Másson, Taugagreiningu hf., Þórarinn Stefánsson, Hex hugbúnaði ehf., Baldur Þorgilsson, Kine ehf., (Í varastjórn: Guðný Káradóttir, Gagarán ehf. Jóhannes Gíslason, Primex ehf.)



stjórnar verða að skipuleggja starfsemina, afla fleiri félagsmanna úr röðum srotafyrirtækja, jafnframt því að hefjast handa við að vinna stefnumálum greinarinnar brautargengi. Meginþunginn í þeim áhersluverkefnum, sem fram komu í stefnumótunarvinnunni, liggur í að bæta fjárhagslegt umhverfi sprotanna m.a. með auknu framboði á áhættufjármagni og skattalegum hvötum. Eitt stærsta viðfangsefnið í því sambandi er að gera lífeyrissjóðum kleift koma að uppbyggingu srotafyrirtækja með þolinmóðu fjármagni sem þó beri ríkulegan ávöxt til langs tíma litið.

Samtök srotafyrirtækja njóta aðstöðu og þjónustu Samtaka iðnaðarins. Þau fyrirtæki, sem eiga aðild að SSP, eiga jafnframt aðild að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Þó mun srotafyrirtækjum utan SI bjóðast að taka þátt í störfum SSP samkvæmt bráðbirgðaákvæði í starfsreglum til 1. desember næstkomandi.

Srotafyrirtæki á öllum tæknisviðum eru eindregið hvött til þess að ganga til liðs við hin nýju samtök og stuðla þannig að vexti og viðgangi greinarinnar.

Davíð Lúðvíksson



Glaðbeittur hópur fundarmanna að loknum stofnfundi

Líftæknifyrirtæki stofna samtök

Nokkur fyrirtæki á sviði líftækni stofnuðu með sér samtök fimmtudaginn 27. maí. Stofnfundurinn var haldinn hjá Samtökum iðnaðarins. Starfsreglur voru samþykktar og kjörin fyrsta stjórn hinna nýju samtaka sem heita Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja - SÍL.

Í stjórn SÍL voru kjörnir:
Jakob K. Kristjánsson, Prokaria ehf., formaður
Einar Mäntylä, ORF Líftækni hf.
Snorri Þórisson, Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.

Mikill áhugi á starfi SÍL

Auk Prokaria ehf., ORF Líftækni hf. og

Rannsóknarþjónustunnar Sýnis ehf. á Lyfjapróun ehf. aðild að SÍL þá hafa fyrirtækin NimbleGen Systems, útibú á Íslandi, Bláa lónið heilsuvörur ehf., SagaMedica heilsujurtir ehf. og UVS - Urður, Verðandi, Skuld ehf. hafa lýst yfir áhuga á að gerast aðilar og munu taka þátt í störfum SÍL frá upphafi.

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja eru starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins og því eiga fyrirtæki, sem eiga aðild að SÍL, jafnframt aðild að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Mörg brýn verkefni

Fyrstu verkefni nýkjörinnar stjórnar verða að skipuleggja starfseminna, afla fleiri félagsmanna úr röðum líftæknifyrirtækja,

jafnframt því að hefjast handa við að vinna stefnumálum greinarinnar framgang. SÍL eru einmitt stofnuð í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunarvinnu með fyrirtækjum og fjárfestum úr greininni. Ein af niðurstöðum þeirrar stefnumótunarvinnu var einmitt að stofna til formlegs samstarfs milli fyrirtækjanna.

Fyrirtæki á sviði líftækni eru eindregið hvött til þess að ganga til liðs við hin nýju samtök og stuðla þannig að vexti og viðgangi greinarinnar.

Jón Steindór Valdimarsson

Ítalskt sumarævintýri í bakaríum um land allt

Glæsilegar uppskriftir fyrir veisluna eða í ferðalagið



Landssamband bakameistara stendur fyrir ítölsku sumarævintýri í bakaríum landsins í sumar. Á boðstólum verður margs konar brauðmeti að ítölskum hætti auk þess sem kynntur er glæsilegur

uppskriftabæklingur í handhægu broti þar sem finna má hugmyndir að einföldum og gómsætum réttum á ítalska vísu.

Ítalskt sumarævintýri var sett með formlegum hætti fimmtudaginn 27. maí kl. 10 í Hverabakarí í Hveragerði. Af því tilefni flutti Pétur Björnsson, ræðismaður Ítalíu á Íslandi, ávarp og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona söng vel valin lög á ítölsku. Einnig sungu krakkar úr 3. bekk Grunnskólans í Hveragerði eitt lag með söngkonunni góðkunn.

Landssamband bakameistara hvetur fólk til að kynna sér ítalska brauðmenningu í bakaríum landsins. Brauð er fyrirferðar-mikið í matarmenningu Ítala og margra annarra þjóða og býður fjölbreytta möguleika sem uppistaða í mat eða sem meðlæti.

Uppskriftir og upplýsingar um bakarí um land allt eru birtar á Meistarinn.is.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Mörg verkefni framundan hjá Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins ehf.

Á aðalfundi Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins ehf. (FM) á dögnum var greint frá víðtæku starfi fyrsta starfsárið sem hún var rekin sem einkahlutafélag. FM tók við starfsemi Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins á miðju ári 2003 en hún var stofnuð árið 1987 með sérstöku samkomulagi hagsmunaaðila greinarinnar.

Fastráðnir starfsmenn árið 2003 voru 4 en það ár voru alls 100 á launaskrá eða störfuðu sem verktakar. Samkvæmt markaðri stefnu FM var unnið jöfnum höndum á þremur meginviðum:

- Stjórnunar- og rekstrarsviði.
- Fagsviði þar sem boðin eru námskeið mál- og véltækniðnaðar.
- Framhaldsskólasviði þar sem nemendum framhaldsskóla í mál- og

véltækniðnaði og öðrum greinum fá þjónustu samkvæmt sérstöku samkomulagi við menntamálaráðuneytið.

Nýjar námskrár

Fram kom að árið 2003 gengust 128 nemendur undir sveinspróf í málmiðnagreinum og netagerð og stóðust 87 þeirra próf.

FM hefur starfað fyrir Starfsgreinaráð í mál-, véltækni og framleiðslugreinum frá því ráðið var skipað árið 1998. Þar er nú að mestu lokið frágangi viðamikilla námskráa í mál- og véltækni greinum.

Fjölbreytt starfsemi

Á aðalfundinum var gerð grein fyrir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir þetta ár og er hún í samræmi við mótaða framtíðarstefnu FM ehf. Auk námskeiðshalds er þar gert ráð fyrir sérstöku átaki í kynningar-

málum, m.a. í samvinnu við aðrar fræðslustöðvar iðnaðarins á Hallveigarstíg 1 og að gerð námsefnis verði snar þáttur í starfsemi, m.a. með útgáfu Töflubókarinnar, námsefnis í loftræstitækni og málsuðu. Þá er unnið að þýðingu viðamikillar fagbókar fyrir málmiðnaðinn (Fachkunde Metall).

Núverandi stjórn FM skipa: Bjarni Thoroddsen, Hákon Hákonarson, Ingólfur Sverrisson og Örn Friðriksson. Framkvæmdastjóri er Gylfi Einarsson.

Ingólfur Sverrisson

Málmiðnaðurinn hefur mótað framtíðarsýn sína til ársins 2010. Ennfremur hefur starfsgreinin skilgreint og lagt mat á þau verkefni sem vinna þarf að til þess að sú framtíðarsýn gangi eftir.

Mikil vinna liggur þarna að baki og margir úr greininni komið að verki.

Nú hafa meginviðurstöður verið gefnar út í vönduðu riti sem dreift verður til aðildarfyrirtækja SI í málmiðnaði og þeirra sem þess óska.



Nýr formaður FÍG

Formannsskipti urðu hjá Félagi íslenskra gullsmiða á aðalfundi félagsins fyrir skömmu. Hinn nýi formaður heitir Ása Gunnlaugsdóttir og rekur gullsmiðafyrirtækið Aurum í Bankastræti í félagi við Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur, skartgripahönnuð.

Ása segist hafa gefið kost á sér til formennsku í FÍG vegna áskorana frá ýmsum félagsmönnum. „Ég vil efla samstöðu félagsmanna og fá virkja fleiri í þágu greinarinnar,” segir Ása. „Ég hef líka áhuga á að koma á einhvers konar samstarfi eða nemendaskiptum við erlenda fagskóla.”

Aðrir stjórnarmenn í Félagi íslenskra gullsmiða eru: Anna María Sveinbjörnsdóttir, Leifur Jónsson, Sólborg S. Sigurðardóttir og Þorbergur Halldórsson

Gæðakerfið til mikilla bóta

Ása segist mjög ánægð með að gæðakerfi félagsins skuli vera komið á laggirnar. „Ég tel að það muni létta þeim félagsstarfið, sem sitja í stjórn og nefndum, að vita hvaða verk þeim er ætlað að vinna. Það er einnig gott fyrir þá sem vilja kynna sér félagsstarfið að geta gengið að upplýsingum vísu og kynnt sér hvað félagið er að fást við hverju sinni og ennfremur þá sem koma nýir inn í stjórn.”

Hönnun skiptir sköpum fyrir framleiðslufyrirtæki

„Merking hugtaksins hönnunar er frekar óljós í íslensku,” segir Ása. „Hönnun skiptist í margar greinar sem allar eiga þó sameiginlegt að þróa hugmynd þar til hún verður að fullbúinni vöru. Það að þróa nýtt fiskvinnslutæki þannig að úr verði góð vara tilbúin til framleiðslu er t.d. hönnun, iðnhönnun. Þetta gleymist því miður oft þegar



Ása Gunnlaugsdóttir, formaður FÍG

fjallað er um hönnun hér á landi. Hugtakið virðist oft aðeins ná til þeirra hluta sem tengjast tísku eða hluta sem falla frekar undir listhandverk eða handverk. Ég tel mikilvægt fyrir öll framsækin iðnfyrirtæki að hafa hönnuði á sínum snærum. Góð hönnun snýst ekki aðeins um falllegt útlit. Notagildið og endingin skipta líka miklu máli. Ég tel að góð hönnun geti skipt sköpum fyrir öll nútíma framleiðslufyrirtæki.”

Til náms í Finnlandi

Ása nam iðn sína í Finnlandi nánar tilteknið í Lahti Design Institute. Þar var silfursmíði aðalgrein hennar en gullsmíðin auka grein. Að því búnu hélt hún til Helsinki og hóf nám í iðnhönnun og lauk meistaraþrófi

í þeirri grein frá University of Art and Design. Ása segist lengi hafa haft áhuga á sköpunarvinnu og það hafi alltaf höfðað til hennar að búa til hluti.

Rak eigið fyrirtæki í Helsinki

Ása segist hafa verið fyrsti útflendingurinn sem stundaði allt nám sitt við lista og hönnunarskólann á finnsku. Að námi loknu rak hún eigið fyrirtæki í Helsinki, Asta Design, í hálfri þriðja ár í félagi við Taru Harmaala, hannaði og smíðaði eigin skartgrip og teiknaði fyrir aðra. Alls stóð Finnlandsdvölin í 9 ár.

Ævintýri í Suður-Kóreu

Því næst lá leið Ásu til Seoul í Suður-Kóreu. „Þar vann ég eitt ár á iðnhönnunarstofu sem iðnhönnuður. Við hönnuðum umbúðir fyrir snyrtivörur, penna, og ýmsa smávöru fyrir innlandan markað. Vinnutíminn var óheyrilega langur, allt að 12-15 tímar á sólarhring og stundum jafnvel lengri. Ég man einu sinni eftir að hafa unnið 33 tíma samfellt. Afköstin voru auðvitað í samræmi við það og það þótti ekki tiltökumál þótt við dottuðum við vinnuborðið.”

Að Kóreudvölinni lokinni hélt Ása heimleiðis og hóf samstarf með Guðbjörgu í Aurum en reka þær nú fyrirtækið í sameiningu eins og áður segir. Þær Ása og Guðbjörg hanna sjálfar og smíða nær allt sem þær selja en flytja þó örlítið inn.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Norrænn fundur um öryggismál

Í lok maí var haldinn hér á landi fundur á vegum NEX – verkefnisins. NEX stendur fyrir Nordisk exemplar og er norrænt verkefni sem Norræni iðnþróunarsjóðurinn styrkir.

Allar Norðurlandþjóðirnar hafa tekið þátt í verkefninu, sem snýst um að safna saman upplýsingum um reynslu fyrirtækja af því að nýta sér tiltekin kerfi í öryggismálum. Í framtíðinni er vonast til að

niðurstaða verkefnisins geti létt fyrirtækjum, sem ætla að innleiða öryggiskerfi hjá sér, að taka ákvörðun um hvernig það eigi að líta út. Með því þarf ekki að „finna upp hjólið“ í hvert skipti sem gert er átak í öryggismálum fyrirtækja.

Á fundinum var kynnt íslenska verkefnið BB Betri líðan – Bættur hagur sem felst í að yfirfæra finnsk kerfi sem hafa verið notuð í byggingar- og málmíðnaði, TR – mælirinn og Elmeri. Íslenska verkefnið,

sem er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samiðnar og Vinnueftirlitsins, hófst í febrúar í þremur fyrirtækjum í byggingariðnaði, þ.e. Ágústi og Flosa hf., ÍAV hf., Sveinbirni Sigurðssyni ehf. og þremur fyrirtækjum í málmíðnaði, Héðni hf., Slippstöðinni hf.



Fundað á 6. hæð að Borgartúni 35



Norræni hópurinn fór á Þingvelli, Gullfoss og Geysi með góðum leiðsögumönnum



og Marel hf.

NEX verkefninu lýkur í byrjun næsta árs og verður fróðlegt að sjá niðurstöðu þess og hvort íslensk fyrirtæki geta nýtt sér það sem þar kemur fram.

Eyjólfur Bjarnason

Í hverju er AKKUR hjá SI?

Samtök iðnaðarins hafa á síðustu árum lagt ríka áherslu á að geta boðið félagsmönnum sínum aðstoð við stjórnun og rekstur fyrirtækja. Slíkri aðstoð er ætlað að auka framleiðni, vinnuöryggi og ekki síst aflslappaðra starfsumhverfi fyrir stjórnendur og starfsmenn. Undir slagorðinu AKKUR hefur verið stofnað til ýmissa námskeiða og verkefna allt frá eins tíma fyrirlestrum upp í eins árs verkefni.

Þessir viðburðir eru ýmist sniðnir fyrir almenna starfsmenn, millistjórnendur, aðalstjórnendur eða alla í senn. Síðan hefur farið eftir aðstæðum fyrirtækjanna og fjölda þátttakenda hverju sinni hvar slík námskeið hafa verið haldin.

Við komum á staðinn

Oft á tíðum hafa stuttir fyrirlestrar, ætlaðir almennum starfsmönnum, verið haldnir í kaffiskúrum og kaffistofum úti á



verkstöðunum og í fyrirtækjunum en lengri námskeið eru haldin í kennslu- og tölvustofum þegar svo ber undir. Á vefsetri Samtakanna er tilgreint hvað er í boði hverju sinni. Ef stjórnendur telja að hjá fyrirtæki þeirra sé þörf fyrir endurmenntun á öðrum sviðum en þar kemur fram er nokkuð víst að Samtökin geta orðið að liði með einhverjum hætti. Margir slíkir fyrirlestrar og stutt námskeið standa einungis fyrirtækjum innan SI til boða og eru þeim að kostnaðarlausu. Námskeið, sem unnin eru í samvinnu við utanaðkomandi aðila, eins og námskeiðið Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir sem er haldið er í samvinnu við helstu opinberu verkkaupa landsins, eru ætluð öllum verk tökum, verkkaupum og eftirlitsmönnum en þá fá félagsmenn SI umtalsverðan afslátt af námskeiðsgjaldi.


verkstöðunum og í fyrirtækjunum en lengri námskeið eru haldin í kennslu- og tölvustofum þegar svo

Á dagskrá núna!

Við bendum á tvennt sem nú er á dagskrá. Annars vegar er Micro Business Review sem er einfalt sjálfsmat stjórnenda á eigin rekstri og tekur um þrjá tíma. Hins vegar er tveggja tíma námskeið um Mikilvægi tímaskráninga sem er ætlað öllum starfsmönnum og fjallar um hvernig tímaskráningar skapa forsendur fyrir verðlagningu, rekstur og afkomu fyrirtækja.

Þá er í undirbúningi nýtt námskeið um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar við tímabundna mannvirkjagerð í samvinnu við þá opinberu verkkaupa sem hafa staðið að gæðastjórnunarnámskeiðunum með SI. Námskeiðið hefst í haust og tekur 4 – 5 tíma hverju sinni og verður kynnt betur síðar.

Ferdinand Hansen



Trúir þú á endurholdgun?

Margir óska þess að vera aðrir en þeir eru. Sumir vilja byrja nýtt líf með hreint borð og gleyma því sem liðið er.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdaviljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og afla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgifiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Það færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa. Segja má að fyrirtækið endurholdgist.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist. Þessu má líkja við meðferð hjá endurholdgunarmeistara.

Nú er mál að linni.

SI

Samtök iðnaðarins